Ellefti fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 12. nóvember 2026, klukkan 17:00.

Mætt eru: Bryndís H. Guðmundsdóttir, Eggert Kjartansson, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þröstur Aðalbjarnarson og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins eru Hlédís Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsnes, Ragnhildur Sigurðardóttir, þjóðgarðsvörður og Guðrún Magnea Magnúsdóttir, verkefnastjóri EarthCheck Umhverfisvottunar Snæfellsness.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við dagskrá fundarins og verða það mál nr. 3 á dagskrá.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. **Kynning á Svæðisgarðinum Snæfellsnes, Snæfellsjökulsþjóðgarði og Umhverfisvottun Snæfellsness**
   Ragnhildur Sigurðardóttir, Guðrún Magnea Magnúsdóttir og Hlédís Sveinsdóttir koma inn á fundinn.

   Ragnhildur Sigurðardóttir kynnir starfsemi Snæfellsjökulsþjóðgarðs.

   Guðrún Magnea Magnúsdóttir kynnir Umhverfisvottun Snæfellsness.

   Hlédís Sveinsdóttir kynnir starfsemi Svæðisgarðsins Snæfellsnes.

   Umræður að loknum kynningunum.

2. **Viðauki 4**
   Viðauki 4 við fjárhagsáætlun 2026 lagður fram.

   Í ársbyrjun 2026 tóku gildi breytingar á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Helstu breytingar eru að:

   - Málaflokkur 01 Málefni fatlaðs fólks, er nýr málaflokkur og verða málefni fatlaðra þar en þau voru áður í Málaflokki 02
   - Málaflokkur 03 Heilbrigðismál, er felldur út og færist yfir í Málaflokk 11.

- Málaflokkur 08 Hreinlætismál breytir um nafn og heitir nú Úrgangsmál og eru gerðar tilfærslur milli deilda þar sem tekjurnar eru í deild 1 en kostnaður í 2 vegna sorphirðu og kostnaður rotþróarhreinsunar í deild 4
- Málaflokkur 09 Skipulags- og byggingamál, breytir um nafn og verður Skipulags- og samgöngumál
- Málaflokkur 10 Umferðar- og samgöngumál er felldur út og færist yfir í Málaflokk 09
- Málaflokkur 11 Umhverfismál, breytir um nafn og verður Umhverfis og atvinnumál
- Málaflokkur 13 Atvinnumál er felldur út og færist á Málaflokk 11
- Málaflokkur 27 Óreglulegir liðir er felldur út

Áhrif viðaukans eru engin á rekstrarafkomu sveitarfélagsins heldur eingöngu um að ræða tilfærslur milli málaflokka og deilda.

Til máls tóku: EK.

Viðauki 4 er samþykktur samhljóða.

3. Starf oddvita

Oddviti óskar eftir að starfshlutfall sitt verði fært niður í 70% starfshlutfall úr 100%, frá og með 1. janúar 2027.

Til máls tóku: EK og SO.

Samþykkt með 4 atkvæðum, oddviti situr hjá.

4. Akstur leik- og grunnskólabarna utan þjónustusamnings

Lagðar eru fram tvær tillögur Eggerts Kjartanssonar, er varða annarsvegar akstur grunnskólabarna sem sækja skóla í Borgarnes og á Lýsuhól og svo hins vegar leikskólabarna sem sækja leikskóla í Borgarnes.

Oddviti leggur fram eftirfarandi bókun:

“Ég tel ekki rétt að ég fjalli um þetta mál, verandi foreldri barna á leik- og grunnskólaaldri, leiði þessi umræða til breytinga á reglum aksturs leik- og grunnskólabarna í sveitarfélaginu.” SO.

Oddviti afhendir varaoddvita fundarstjórn við afgreiðslu þessa liðar.

Varaoddviti fer yfir tillögurnar tvær.

Eggert Kjartansson leggur fram frekari gögn með tillögum sínum.

Fyrri tillagan er svo hljóðandi:

Foreldrar þeirra grunnskólabarna sem fara í grunnskólann í Borgarnesi sem og Lýsuhólsskóla fái greitt á km. Greitt verður frá heimili skólabarns að þeim stað sem skólabíll viðkomandi skóla byrjar að taka börn viðkomandi sveitarfélags í bílinn.

Það er síðan samkomulag viðkomandi foreldra við skólabíla sem og viðkomandi sveitarfélags hvort börnin fá far í skólabíl eða foreldrar keyra börnin sín alla leið.

Til máls tóku: EK, BHB, VGS, ÞA.

Fyrri tillagan er snýr að akstri grunnskólabarna í Borgarnes og á Lýsuhól borin upp til samþykktar.

2 samþykkja tillöguna, 2 eru á móti og tillagan fellur að jöfnu.

Eggert Kjartansson leggur fram eftirfarandi bókun:

“Undirritaður harmar afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögunni. Greitt verður áfram akstur upp á 15 millj. fyrir 5 skólabörn í Stykkishólm en 9 sem fara í aðra skóla fá engar greiðslur vegna aksturs. Þetta er að mati undirritaðs alvarleg mismunun innan okkar litla sveitarfélags.” EK.

Seinni tillagan er svo hljóðandi:

Foreldrar sem kjósa að fara með börnin í leikskóla í öðru sveitarfélagi en Stykkishólmi fá sambærilegar greiðslur vegna aksturs og foreldrar sem fara með börnin í Stykkishólm.

Til máls tóku: EK, VGS, ÞA

Seinni tillagan er snýr að akstri leikskólabarna sem sækja leikskóla í önnur sveitarfélög en Stykkishólm er borin upp til samþykktar.

Tillagan er samþykkt með 3 atkvæðum, 1 situr hjá við atkvæðagreiðsluna.

Oddvita falið að leggja fyrir sveitarstjórn uppfærðar reglur um akstur leikskólabarna á næsta fundi sveitarstjórnar.

5. Erindi frá Valgarð S. Halldórssyni

Lagt er fram erindi frá Valgarð S. Halldórssyni, dagsett 5. nóvember 2026, fyrir hönd landeigenda Kolviðarness, Hrútsholts, Rauðkollsstaða, Hömluholts, Miklaholts (Litlu-Þúfu) og Grafar.

Í erindinu er óskað eftir því að sveitarfélagið kosti úttekt fyrir hönd ofangreindra landeigenda á þeim valkostum sem koma til greina vegna fyrirhugaðra framkvæmda Landsnets hf., við lagningu Vegamótalínu 2, og eru landeigendur þá sérstaklega að horfa til þess hvort lagning línu í jörð sé valkostur á þeirra jörðum.

Í erindu er tekið fram að úttektin gæti kostað um 3,0 millj. króna.

Til máls tóku: BHG, ÞA, EK.

Sveitarstjórn samþykktir erindið ekki.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps hvetur landeigendur til að koma sjónarmiðum sínum til Landsnets hf. Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps hvetur Landsnet hf. til virkara samtals við landeigendur og leggja fram greinargóða valkosti.

6. **Styrkbeiðni frá Karlakórnum Heiðbjörtu**
   Þröstur Aðalbjarnarson víkur af fundinum við afgreiðslu þessa liðar.

   Lögð er fram styrkbeiðni, dags. 9. nóvember 2026, frá Kristjáni Þórðarsyni, fyrir hönd Karlakórsins Heiðbjartar, vegna fyrirhugaðrar utanlandsferðar kórsins vorið 2027.

   Oddviti leggur til að Karlakórinn Heiðbjört verði styrktur um 200.000 kr. til fararinnar.

   Til máls tóku: VGS, BHG, SO, EK.

   Samþykkt samhljóða.

7. **Málefni Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps**

   Oddviti fer yfir stöðu mála í stjórn Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps. Síðasti stjórnarfundur var haldinn 5. mars sl. Ekki hefur verið haldinn aðalfundur í félaginu í 2 ár.

   Oddviti leitar eftir samþykki sveitarstjórnar til að óska eftir hluthafafundi, tafarlaust, þar sem fram muni fara stjórnarkjör. Eins óskar oddviti eftir samþykki sveitarstjórnar til að óska eftir liðsinni lögfræðings vegna málefna Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps.

   Til máls tóku: EK, SO, BHG, ÞA.

   Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkir samhljóða að óska tafarlaust eftir hluthafafundi, þar sem að fram fer stjórnarkjör og felur oddvita að koma með tillögu að aðila í stjórn Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps fyrir hönd sveitarfélagsins.

8. **Skipulags- og byggingarmál**
   Oddviti fer yfir stöðu skipulags- og byggingarmála í sveitarfélaginu.

   Þá fór oddviti yfir það að notendavæða þurfi heimasíðu sveitarfélagsins hvað skipulags- og byggingarmál.

   Til máls tóku: ÞA, EK, BHG.

9. **Staðan á söluferli Laugargerðis**
   Oddviti fór yfir stöðuna á söluferli eigna í Laugargerði.

   Til máls tóku: EK, BHG, VGS, ÞA.

10. Framkvæmdir á Breiðabliki

Oddviti fór yfir stöðu yfirstandandi framkvæmda á Breiðabliki.

Oddviti upplýsiti um að varðandi það tjón vegna leka þá er verktaki tryggður fyrir því tjóni sem að kann að hafa orðið á verktímanum. Verktaki og oddviti hafa sammælst um að fá óháðan aðila til að taka út tjónið við verklok.

Til máls tóku: EK, BHG, ÞA, VGS.

11. Fundargerð 1005. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og send í rafræna undirritun.

Fundi slitið kl.21:00.

Undirritunarsíða

Sigurbjörg Ellen Ottesen

Undirritað af:
Sigurbjörg Ellen Ottesen
0507823959
Dags: 14.11.2026
Tími: 07:36:02
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6e0f1b47-7890-4e3a-9baa-da3f360ee12e

Þröstur Aðalbjarnarson

Undirritað af:
Þröstur Aðalbjarnarson
2702742939
Dags: 15.11.2026
Tími: 12:11:14
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6e0f1b47-7890-4e3a-9baa-da3f360ee12e

Veronika G Sigurvinsdóttir

Undirritað af:
Veronika G Sigurvinsdóttir
3112685899
Dags: 14.11.2026
Tími: 09:36:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6e0f1b47-7890-4e3a-9baa-da3f360ee12e

Eggert Kjartansson

Undirritað af:
Eggert Kjartansson
2511644879
Dags: 14.11.2026
Tími: 21:34:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6e0f1b47-7890-4e3a-9baa-da3f360ee12e

Bryndís Hulda Guðmundsdóttir

Undirritað af:
Bryndís Hulda Guðmundsdóttir
1702624179
Dags: 19.11.2026
Tími: 10:01:15
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6e0f1b47-7890-4e3a-9baa-da3f360ee12e